

**149. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða**  
**fimmtudaginn 26. september 2024**  
**Fundurinn fór fram með Microsoft teams og hófst kl. 10:00**

Fundinn sátu: Catherine Chambers (á Ísafirði), Lilja Magnúsdóttir (á Patreksfirði?), Smári Haraldsson (á Ísafirði) og Hulda Birna Albertsdóttir starfandi forstöðumaður (í Bolungarvík). Friðbjörg Matthíasdóttir mætti á fundinn undir 4. dagskrárlið (á Patreksfirði).

**1. Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga 2024 (ársfundur).**

Samráðsfundurinn verður föstudaginn 27. september, sbr. fundarboð útsent 3. september 2024.

**2. Fundargerð 148. stjórnarfundar.**

Lögð fram fundargerð 148. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórn og starfandi forstöðumaður staðfesta fundargerðina.

**3. Starfsmannahald, verkefni sumarsins og verkefni framundan.**

Starfandi forstöðumaður gerði grein fyrir þessum málum.

- Nú eru 13 starfsmenn hjá stofunni í 9,3 stöðugildum þar af eru tveir í fæðingarorlofi. Þá er núna einn nemi hjá stofunni, en í sumar hafa 4 -5 sumarstarfsmenn og nemar verið hjá stofunni.
- Helstu verkefni sumarsins voru rannsóknir vegna vindmyllugarðs við Garpsdal, vöktun á gróðri, fuglum og músum og aðrar rannsóknir vegna vegagerðar í Austur Barðastrandasýslu, úrvinnsla fyrir Hafrannsóknarstofnun og greining sýna Náttúrustofu Austurlands, fuglarannsóknir samkvæmt samningi við Náttúrufræðistofnun, rannsóknir vegna baðstaðar í Holti, vöktun fyrir Háafell ehf, skýrsluvinna vegna gróðurrannsókna í eyjum fyrir Breiðafjarðarnefnd, vöktun náttúruverndarsvæða, rannsóknir á laxalús auk margvíslegra verkefna fornleifadeildar.
- Verkefnastaða stofunnar er allgóð og í samræmi við áætlun.

**4. Fjárhagsstaðan.**

Friðbjörg Matthíasdóttir fór yfir fjárhagsstöðu stofunnar eftir fyrstu 8 mánuði ársins. Staðan er í allgóðu samræmi við áætlun.

**5. Fundur ráðuneytis með aðildarsveitarfélögum Náttúrustofu Vestfjarða.**

Lagt fram minnisblað frá fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið með aðildarsveitarfélögum Náttúrustofu Vestfjarða og fulltrúa Fjórðungspings

Vestfirðinga, miðvikudaginn 21. ágúst 2024. Ráðuneytið boðaði fundinn undir yfirskriftinni *Úttekt á starfsemi og framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa*. Ennfremur var lagt fram sniðmát fyrir náttúrustofurnar til að fylla inní, afrit af bréfi ráðuneytisins til aðildarsveitarfélaga náttúrustofa, dags. 10. janúar 2024 og *Þingsályktun um náttúrustofur*, sem samþykkt var fyrir 150. löggjafarþing 2019 – 2020. Þingskjal 103 – 103. mál.

#### **6. Stefnumótunaryvinna**

Lagt fram minnisblað sem rætt var á 146. stjórnarfund, föstudaginn 16. febrúar 2024, með samandregnum niðurstöðum fundar stórnar og starfsfólks Náttúrustofunnar þann 19. janúar 2024, samanber einnig 3. lið fundargerð 148. stjórnarfundar 30. ágúst s.l.

Rætt var um efni minnisblaðsins og samþykkt að taka það frekari umræðu á snæsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20.